

## **Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 27. janúar 2017 kl. 10.00-11.30 í Nýja Garði**

Mætt voru: Guðmundur Hálfðanarson (formaður, sem stjórnaði fundi), Auður Hauksdóttir (SVF), Benedikt Hjartarson (B&L), Eiríkur Rögnvaldsson (MVS), Ragnheiður Kristjánsdóttir (SAGN), Rúnar Már Þorsteinsson (GUÐ), Sigríður Þorgeirsdóttir (HEIM), Sólveig Anna Bóasdóttir (RIKK), Vilhjálmur Árnason (SIÐ), Valur Ingimundarson (EDDA), Gústav Adolf Friðriksson (DOKT) og Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð).

### **Fundargerð**

1. *Fundargerð síðasta fundar*: Frestað þar sem hún var ekki tilbúin.

2. *Hugvísindabing 2017*: MGU kynnti yfirlit yfir tillögur að málstofum sem bárust. Allar 42 tillögur að málstofum voru samþykktar. GH sagði frá því að í ljósi fjárhagsstöðu sviðsins hefði verið hætt við að bjóða erlendum fyrirlesara til að halda hátíðarfyrirlestur.

3. *Ritið*: GH sagði frá því að samningur við fastan ritstjóra *Ritsins* yrði ekki framlengdur vegna niðurskurðar á sviðinu og hættir hún í lok febrúar. Hann sagði líka frá því að búið væri að ræða við ritstjórn *Ritsins* og stefnt væri að því að finna nýjan fastan ritstjóra meðal starfsmanna sviðsins. Eins ræddi hann hugmyndir um rafræna útgáfu. RMP sagði að reynslan af rafrænni útgáfu tímarits guðfræðinga hafi verið góð.

4. *Fjárhagsáætlun 2017*: GH gerði grein fyrir stöðu fjármála Hugvísindasviðs og niðurskurði á framlögum til Hugvísindastofnunar. Framlag til Hugvísindastofnunar samtals (þ.e. með húsnæði) er 30.929.383 kr., en var 48.729.958 kr. árið 2016. Til að mæta þessum niðurskurði hefur verið ákveðið að lækka föst framlög til RIKK og SIÐ um 20%, lækka tryggingu til stofnana úr 500.000 kr. í 350.000 kr. (innifalið í því eru 100.000 kr. til stjórnarformanna stofnana) og ekki veita mótframlög til einstaklinga. GH sagði líka frá því að hann ætlaði að skipa starfshóp með fulltrúum allra deilda til að endurskoða hvernig framlög Hugvísindastofnunar eru notuð. Málið var rætt og kom m.a. fram hvatning til að berjast fyrir auknum framlögum til sviðsins og söknuður yfir mótframlögum til einstaklinga, sem væru mikilvægur hvati til styrkjasóknar.

5. *Vísindanefnd HÍ*: Björn Þorsteinsson, fulltrúi Hugvísindasviðs í vísindanefnd HÍ, kom á fundinn. Hann gerði grein fyrir tillögum að breytingum á úthlutunarreglum Rannsóknasjóðs vegna almennra styrkja. Í töllögunum felst að a) hægt verður að sækja um styrki til 3ja ára í senn, b) ekki þarf að senda umsóknir úr fagraði í faglegt mat, c) gæði umsókna vegi u.þ.b. jafnt á við ritvirkni umsækjanda (40-60% eftir sviðum) og d) sérstakt tillit verði tekið til barneigna við röðun í styrkjaflokka. Hugmyndirnar voru ræddar og ákveðið að senda breytingartillögurnar til stjórnar eftir fund til umsagnar.

6. *Önnur mál*: Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 11.30